

## OECD Regions at a Glance

Summary in Icelandic

---

### Litið á OECD -svæði

Útdráttur á íslensku

#### Leiðarvísir lesandans

##### Af hverju Litið á OECD -svæði?

Á undanförunum árum hafa svæðisbundin uppbyggingarmál komið aftur inn á stefnuskrá margra OECD ríkja. Aukin sameining sem knúin er af stofnanaferlum (*t.d.* Evrópusambandinu, Alþjóðaviðskiptastofnuninni) og efnahagslegri leitni (*p.e.* hnattvæðingu) eyðir landamærum ríkja og skapar samkeppni eftir svæðisbundnum línunum á heimsmarkaðinum. Á sama tíma ögrar áframhaldandi mikilvægur mismunur landsvæða getu ríkjanna til að efla hagvöxt og tryggja um leið félagslega samheldni.

Endurnýjaður áhugi á svæðisbundnum málefnum hefur skapað nýja eftirspurn eftir tölfræðilegum vísbendingum á undir-landsvísu. Stefnumótendur þurfa áreiðanlegar tölfræðiupplýsingar um uppsprettu svæðisbundinnar samkeppni, en slíkar upplýsingar eru ekki alltaf fáanlegar. Gögn á undir-landsvísu eru takmörkuð og erfitt að bera saman svæðisbundnar vísbendingar milli ríkja.

*Litið á OECD landsvæði* miðar að því að byrja að fylla upp í þetta tóm með því að greina og bera saman helstu landsvæðamynstur og svæðisbundna leitni í OECD ríkjunum.

##### Svæði borin saman

Aðalatriðið fyrir efnahagslega greiningu á undir-landsvísu er sjálf greiningareiningin, *p.e.* svæðið. Orðið „svæði“ getur merkt mjög mismunandi hluti, bæði innan og milli ríkja. Til dæmis er minnsta svæði OECD (Concepcion de Buenos Aires í Mexíkó) innan við 10 ferkílómetrar að stærð, en það stærsta (Nunavut í Kanada) er yfir 2.000 ferkílómetrar. Á sama hátt sveiflast íbúafjöldi á svæðum OECD frá um 400 íbúum í Balance ACT (Ástralíu) til meira en 47 milljóna í Kanto (Japan).

Til að takast á við þetta mál hefur OECD flokkað svæði innan hvers aðildarríkis (Sjá „Töflu yfir svæði í OECD“ í Heimildir og aðferðafræði (Sources & Methodologies “OECD Regional Grids”). Flokkunin er byggð á tveimur landsvæðaplönum (LP). Hærra planið (Landsvæðaplan 2) samanstendur af um 300 stór-svæðum og lægra planið (Landsvæðaplan 3) er samansett af meira en 2.300 smá-svæðum.<sup>1</sup> Þessi flokkun – sem er að mikilu leyti samkvæmt Eurostat-flokkuninni hvað Evrópuríkin varðar – býður upp á meiri sambærileika svæða á saman landsvæðaplaninu. Reyndar eru þessi tvö plön, sem opinberlega hefur verið komið á og eru tiltölulega stöðug í öllum aðildarríkjunum, notuð af mörgum sem rammi fyrir útfærslu svæðisbundinnar stefnu.

Annað mál snertir mismunandi „landafræði“ hvers svæðis. Í Bretlandi gæti maður til dæmis sett spurningarmerki við gildi þess að bera hið mjög svo þéttbýla svæði Lundúna saman við dreifbýli Hjaltlandseyja þrátt fyrir þá staðreynd að bæði svæðin tilheyri sama landsvæðinu. Til að reikna með þessum mismun hefur OECD komið á svæðisbundinni formgerðarflokkun í samræmi við hvaða svæði hafa verið flokkuð sem aðallega þéttbýli, aðallega dreifbýli og mitt á milli. Þessi formgerðarflokkun, sem byggð er á hlutfalli svæðisbundins íbúafjölda sem býr í dreifbýlum eða þéttbýlum samfélögum, auðveldar skilmerkilegan samanburð milli svæða sem tilheyra sömu gerð („Svæðisbundin formgerðarflokkun OECD“ í Heimildir og aðferðafræði (Sources & Methodologies “The OECD Regional Typology”).

## Uppbygging útgáfunnar

Í kjölfar nýrrar stefnunálgunar sem komið hefur verið á í OECD ríkjum er „Litið á svæði“ skipulagt í kringum þrjá meginþætti:

1. Svæði sem gerendur í vexti á landsvísu.
2. Að gera sem mest úr staðbundnum kostum.
3. Að keppa á grundvelli svæðisbundinnar velferðar.

Fyrsti kjarninn dregur það fram að þættir í vexti á landsvísu eru gjarnan afar staðbundnir á fáum svæðum, svo að efling vaxtar á landsvísu myndi útheimta að notkun þessara þátta innan svæðanna yrði bætt. Annar kjarninn metur efnahagslega frammistöðu svæða og ber kennsl á ónotaðar auðlindir sem hægt er að virkja til að bæta svæðisbundna samkeppnishæfni. Að lokum kannar þriðji kjarninn mismunandi umfang velferðar í því samhengi að velferð sé lykilþáttur í að bæta svæðisbundna samkeppnishæfni.

### *Svæði sem gerendur í vexti á landsvísu*

Samsþjöppun er að öllum líkindum mest áberandi/sláandi þátturinn í landafræði efnahagslegrar virkni. Í öllum OECD ríkjum er framleiðsla gjarnan samþjöppuð í kringum fá þéttbýlissvæði, iðnaður er staðsettur á afar sérhæfðum pólum og atvinnuleysi er oft samþjappað á fáum svæðum.

Mismunur á loftslags- og umhverfislegum aðstæðum dregur úr mannabyggð á sumum svæðum og styður samþjöppun byggðar í kringum fáa þéttbýliskjarna. Meira en

<sup>1</sup>. Plan 0 gefur til kynna landsvæði heils ríkis og Plan 1 tilgreinir hópa stór-svæða.

helmingur íbúa í OECD (53%) býr á aðallega þéttbýlum svæðum (mynd 1.4). Og þetta mynstur samþjöppunar er sjálfstyrkt af fleiri efnahagslegum tækifærum og breiðari tiltækileika þjónustu sem stafar af sjálfu ferli þéttbýlismyndunar. Í mörgum OECD ríkjum – Austurríki, Finnlandi, Japan, Kanada, Kóreu, Mexíkó, Portúgal, Spáni, Svíþjóð, Tyrklandi og Ungverjalandi – eru ekki minna en 40% af vergri landsframleiðslu á landsvísu framleidd á aðeins 10% svæða (mynd 2.1).

Mynstrið er svipað fyrir atvinnuleysi. Um 47% atvinnuleysis í OECD ríkjum er samþjappað á þéttbýlissvæðum, á móti 31% og 22% á miðlungs- og dreifbýlissvæðum, í þeirri röð (mynd 3.3). Dreifing atvinnuleysis eftir gerð svæðis er aftur á móti gjarnan verulega breytileg milli ríkja. Í Bandaríkjunum, Belgíu, Bretlandi, Hollandi, Japan og Kóreu, er að minnsta kosti 60% atvinnuleysis á landsvísu samþjappað á þéttbýlissvæðum. Aftur á móti er ekki minna en helmingur heildaratvinnuleysis í Finnlandi, Írlandi, Noregi, Póllandi og Svíþjóð samþjappaður á dreifbýlissvæðum. Loks er atvinnuleysi í Frakklandi, Nýja Sjálandi, Spáni, Slóvakíu og Tyrklandi að mestu leyti samþjappað á miðlungssvæðum.

Lykilkostir efnahagsvaxtar eru gjarnan staðsettir á fáum svæðum. Árið 2001 kom 54% af heildar-einkaleyfum sem skráð voru í aðildarríkjum OECD frá aðeins 10% svæða (mynd 5.1) og meira en 64% hámenntaðra íbúa býr á þéttbýlissvæðum (mynd 6.3).

Samþjöppun efnahagslegra kosta bendir til þess að frammistaða á landsvísu sé knúin áfram af krafti fárra svæða. Að meðaltali stóðu 10% svæða fyrir 56% af heildaratvinnusköpun í OECD ríkjum milli ára 1996 og 2001 (mynd 9.3) á meðan um 70% fækkunar starfa var samþjappað á öðrum 10% (mynd 9.4). Svæðisbundnir þættir leika þar af leiðandi gjarnan hlutverk sem er að minnsta kosti jafn mikilvægt í að efla heildarvöxt í OECD ríkjum og þeir sem eru á landsvísu.

### ***Að gera sem mest úr staðbundnum kostum***

Efnahagsleg frammistaða er verulega breytileg meðal OECD ríkja, en alþjóðlegur mismunur er oft minni en mismunurinn sem sést milli svæða sama ríkis. Árið 2001 var verg landsframleiðsla á íbúa í Lúxemborg meira en áttfalt hærri en í Tyrklandi. Innan Tyrklands var aftur á móti verg landsframleiðsla á íbúa á Kocaeli svæðinu næstum þrettánföld á við Hakkari svæðið. Á sama máta var verg landsframleiðsla á íbúa í Inner London – West í Bretlandi meira en níu sinnum hærri en á Anglesey-eyju (mynd 11.2).

Á sama ári var alþjóðlegur munur atvinnuleysishlutfalls allt að 17 prósentustig (mynd 13.1). Aftur á móti var svæðisbundinn munur atvinnuleysishlutfalls yfir 20 prósentustig á Ítalíu, Kanada, Póllandi og Spáni (mynd 13.2).

Efnahagsleg frammistaða er verulega breytileg eftir svæðum í OECD. En af hverju eru sum svæði samkeppnishæfari en önnur? Svæðisbundnar viðmiðanir (tafla 15.1) gera það mögulegt að bera kennsl á aðalþættina sem skýra háa verga landsframleiðslu á íbúa á ákveðnum svæðum (samanburðarkostir) og lága verga landsframleiðslu á íbúa á öðrum (samanburðarókostir).

Framleiðni virðist vera helsti samanburðarkosturinn á meirihluta svæða með háa verga landsframleiðslu á íbúa (43%). Hún er einnig tíðasti samanburðarkosturinn á jafnvel stærri meirihluta svæða með lága verga landsframleiðslu á íbúa (62%).

Mikil þátttaka á vinnumarkaði virðist vera annar tíðasti samanburðarkosturinn á svæðum með háa verga landsframleiðslu á íbúa (20%), en þátttaka á vinnumarkaði er helsta skýringin á lítilli samkeppnishæfni á aðeins 8% svæða með lægri verga landsframleiðslu á íbúa en landsmeðaltal.

Ferðir til og frá vinnu, sérhæfing og atvinnuhlutfall virðast vera jafn mikilvæg á svæðum með bæði lága og háa verga landsframleiðslu á íbúa. Þessar tölur eru um það bil 15% fyrir ferðir til og frá vinnu, 7% fyrir sérhæfingu og 6% fyrir atvinnuhlutfall (7% á svæðum með lága verga landsframleiðslu á íbúa).

Að lokum virðist kunnátta oftast vera samanburðarkostur en skýring á lélegri frammistöðu. Hún er helsti samanburðarkosturinn á 6% svæða með háa verga landsframleiðslu á íbúa á móti aðeins 1% svæða með lága verga landsframleiðslu á íbúa.

### ***Að keppa á grundvelli svæðisbundinnar velferðar***

Efnahagslegir kostir skipta sköpum fyrir svæðisbundna samkeppnishæfni, en aðrir óáþreifanlegri þættir – oft kallaðir velferð – hjálpa til við að skýra hæfni svæðisins til að laða til sín verðmætan atvinnurekstur og reynda starfsmenn.

Velferð veltur fyrst og fremst á hæfileikanum til að nálgast styrk og þjónustu sem oft er aðeins fáanleg á stórum efnahagslegum miðpunktum. Að meðaltali er fjarlægðin (í tíma) sem borgari í OECD þarf að ferðast til að komast til næsta miðpunkts 39 mínútur á þéttbýlissvæði, 1,55 klukkustundir á miðlungssvæði og 3,29 klukkustundir á dreifbýlissvæði (mynd 23.2).

Aðgangur að æðri menntun er afar breytilegur eftir svæðum. Tyrkland og Slóvakía eru með mesta svæðisbundna breytileikann í innskráningu í nám á háskólastigi, en Bandaríkin, Holland og Noregur sýna mjög lítinn breytileika í svæðisbundnu innskráningarhlutfalli (mynd 25.1).

Aðgangur að heilsugæslu er annar mikilvægur þáttur velferðar. Í flestöllum ríkjum er fjöldi starfandi lækna á íbúa mestur á þéttbýlum svæðum og minnstur á dreifbýlum svæðum (mynd 27.2). Í Slóvakíu er fjöldi lækna á íbúa á þéttbýlissvæðum næstum tvöfalt landsmeðaltal, en þetta hlutfall er ekki minna en 50% yfir meðaltali í Austurríki, Grikklandi, Kóreu og Ungverjalandi.

Mismunur á ástandi heilsu hefur svipuð áhrif á velferð. Árið 2001 var mesti svæðisbundni mismunurinn skráður í Bandaríkjunum, Ástralíu og Mexíkó, en Holland, Japan og Portúgal sýndu minnsta mismuninn (mynd 26.2).

Öryggi er viðbótarþáttur í svæðisbundinni aðlöðun. Það stuðlar að þeirri ákvörðun borgaranna að búa á ákveðnu svæði og hjálpar til við að skapa jákvætt viðskiptaumhverfi fyrir fyrirtæki. Spánn, Slóvakía, Austurríki og Tyrkland virðast hafa mesta svæðisbundna muninn á glæpum gegn eignum. Nýja Sjáland, Grikkland og Danmörk sýna miklu minni mismun milli svæða (mynd 28.1).

Kanada, Bandaríkin, Ástralía, Austurríki, Finnland, Kórea og Spánn sýna einnig mesta svæðisbundna mismuninn á tíðni tilkynntra brota gegn einstaklingum, en tilkynningar um glæpi gegn einstaklingum virðast dreifast jafnar á milli svæða á Írlandi og í Danmörku (mynd 29.1).

Svæðisbundinn mismunur á tíðni dauðsfalla í umferðinni var mestur í Bandaríkjunum og Portúgal og minnstur í Hollandi, Nýja Sjálandi og Slóvakíu (mynd 30.2). Fleiri einkaökutæki eru skráð á íbúa á þéttbýlissvæðum í næstum öllum OECD ríkjum. Aðeins í Bandaríkjunum, Svíþjóð, Austurríki og Kanada var þéttleiki einkaökutækja hærri á dreifbýlis- eða miðlungssvæðum (mynd 31.2).

© OECD 2005

Þessi útdráttur er ekki opinber OECD þýðing.

Eftirprentun þessa útdráttar er leyfileg, að því tilskildu að getið sé höfundarréttar OECD og titils upprunalegu útgáfunnar.

**Fjöltungdir útdrættir eru þýdd ágríp af útgáfum OECD sem upphaflega voru gefnar út á ensku og frönsku.**

**Þeir eru fáanlegir án endurgjalds í netbókaverslun OECD  
[www.oecd.org/bookshop//](http://www.oecd.org/bookshop//)**

Hafið samband við Réttinda- og þýðingareiningu OECD, framkvæmdanefnd fjölmiðlunar og almannamálefna ef frekari upplýsinga er þörf.

[rights@oecd.org](mailto:rights@oecd.org)

Bréfsími: +33 (0)1 45 24 13 91

OECD Rights and Translation unit (PAC)  
2 rue André-Pascal  
75116 Paris  
France

Heimsækið vefsíðu okkar [www.oecd.org/rights/](http://www.oecd.org/rights/)

